

ÁÁH-2018-03 - Verslun í Norðurfirði

Verkefnið er að útvíkka núverandi verslunarrekstur og draga úr rekstrarkostnaði heilsársverslunar og gera þar með mögulegt fyrir heilsársverslun að vera starfandi í Árneshreppi. Aðgerðir eru m.a. að kaupa nýja frysta og kæla fyrir verslunina þar sem gömlu tækin eru gömul og nota mjög mikið rafmagn.

Verkefnið samrýmist mjög vel áherslum og skilaboðum íbúapings þar sem íbúar töldu mikilvægt að verslun sé í Árneshreppi. Verslun í Norðurfirði er talin ein forsenda heilsársbúsetu í Árneshreppi. Þetta verkefni fellur því mjög vel að markmiðum íbúapings og stefnumótun verkefnisins ásamt því að það hvetur til samstöðu meðal íbúa.

Verkefninu var úthlutað 1.500.000 kr. árið 2018 með þeim skilyrðum að þau tæki sem keypt verða fyrir styrkinn verði í eigu samfélagsins en ekki verslunarrekanda.

Upplýsingum úr framvindu- og lokaskýrslum verkefnisins verður bætt hér við eftir því sem verkefninu vindur fram.